

Hveragerði, 18. febrúar 2026
2601145

Efni: Tillaga að umsögn Hveragerðisbæjar um frumvarp til laga vegna flutnings eftirlits á sviði hollustuhátta og mengunarvarna, mál nr. S-3/2026 í samráðsgátt.

Lögð er fram tillaga um að bæjarráð samþykki eftirfarandi sem umsögn Hveragerðisbæjar vegna frumvarps til laga vegna flutnings eftirlits á sviði hollustuhátta og mengunarvarna, mál nr. S-3/2026 í samráðsgátt.

Í frumvarpinu kemur fram að það sé mat Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins að áhrif hinna fyrirhuguðu breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir á fjárhag sveitarfélaga séu metin takmörkuð en sérstaklega er tiltekið að ekki sé gert ráð fyrir tilfærslu þess fjármagns sem sveitarfélög hafa lagt til verkefna heilbrigðiseftirlita fari til ríkisins. Þá kemur fram að áhrifin geti verið jákvæð í þeim tilfellum sem sveitarfélög hafi borið hluta kostnaðar af verkefnum sem flytjast til ríkisins. Neikvæð áhrif eru talin vera að sérfræðipækking flytjist af sveitarstjórnarstigi og að tiltekinn einskiptiskostnaður muni falla á sveitarfélög t.d. vegna mögulegra biðlaunagreiðslna o.fl.

Hveragerðibær leggur áherslu á að framangreindar upplýsingar í frumvarpinu um áhrif á fjárhag sveitarfélaga standist þannig að ekki verði um að ræða kostnaðarauka fyrir sveitarfélög. Þá telur Hveragerðisbær mikilvægt að tryggt verði að þjónustan verði af fullnægjandi gæðum, sem er mikilvægur þáttur í rekstri sveitarfélaga en ekki síst fyrir atvinnulífið.

Hveragerðisbær ítrekar mikilvægi þess að málið verði unnið í nánú samráði við sveitarfélög þannig að tryggja megi að breytingarnar leiði ekki til kostnaðarauka eða þjónustuskerðingar. Þá er einnig lögð áhersla á að störf haldist í þeim landshlutum sem þau eru í dag.

Pétur G. Markan, bæjarstjóri

